

Nd.

497. Breytingartillaga

[171. mál]

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá Einari Olgeirssyni, Sigurvin Einarssyni og Benedikt Gröndal.

41. gr. frv. orðist svo:

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðjum né til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar né starfa við vél-gæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari.

Alger hámarksvinnutími barna undir 14 árum er hálf áratala aldurs þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag. Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnu-hópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Alger hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal vera 8 stundir, án undan-tekninga.

Stefna skal að því, að börn stundi ekki vinnu, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taka yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúnað, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna og kveða nánar á um hámarksvinnutíma svo og eftir atvikum lækni-sskoðun til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slyshætta stafar af.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir vernd sendisveina í starfi, þ. á m. útbúnað flutningatækja þeirra, takmörkun á blaðsölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra, störf barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og önnur störf, er siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.